

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**244. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 4. desember 2014, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Guðrún Eik Skúladóttir

Formaður setti fundinn.

### Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1411032** Brautarland. Umsókn um stofnun lóðar.
- 2. Erindi nr. 1411041** Sláturhús. Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.
- 3. Erindi nr. 1411048** Sláturhús. Umsókn um byggingarleyfi fyrir fituskilju.
- 4. Erindi nr. 1411046** Fagrabrekka. Umsókn um stofnun lóðar.
- 5. Erindi nr. 1405100** Strandgata 1 veitingarhús. Reyndarteikningar

### Tekið á dagskrá:

#### Afgreiðslur:

**1. Erindi nr. 1411032.** Ingólfur Arnar Steindórsson kt. 090842-4559 óskar eftir nýju landnúmeri úr jörðinni Brautarlandi í Víðidal úr Brautarlandi spildu 3 land nr. 204662. Landspilduna vill hann kalla Brautarland spilda 6.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindi umsækjanda og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

**2. Erindi nr. 1411041** Magnús F. Jónsson kt. 210172-4599, fyrir hönd Sláturhús KVH, sækir um byggingarleyfi á viðbyggingu við núverandi atvinnuhúsnæði. Meðfylgjandi teikningar eru unnar af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að skv. teikningum mun hluti af viðbyggingu lenda utan við núverandi skilgreindan byggingareit. Samkvæmt 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010 þarf að breyta deiliskipulaginu. Skipulags- og umhverfissráð getur því ekki samþykkt erindið fyrr en umræddar breytingar á deiliskipulaginu hafa átt sér stað.

**3. Erindi nr. 1411048** Magnús F. Jónsson kt. 210172-4599, fyrir hönd Sláturhús KVH, sækir um byggingarleyfi á fituskilju. Meðfylgjandi uppdráttur er unninn af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að skv. teikningum lendir byggingin utan við núverandi skilgreindan byggingareit. Samkvæmt 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010 þarf að breyta deiliskipulaginu. Skipulags- og umhverfisráð getur því ekki samþykkt erindið fyrr en umræddar breytingar á deiliskipulaginu hafa átt sér stað.

**4. Erindi nr. 1411046** Eyjólfur K. Vilhelmsson kt. 100656-5829 sækir um heimild til að skipta spildu og stofna byggingareit úr landi jarðarinnar Fögurbrekku í Hrutafirði land nr. 142186 skv. meðfylgjandi hnitsettum afstöðuuppdrætti nr. FB001 gerðum af Ráðbarði sf.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

**5. Erindi nr. 1405100** Strandgata 1 veitingarhús, reyndarteikningar

Skipulags- og umhverfisráð frestar erindinu þar sem engin gögn bárust.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20

---

Pétur Arnarsson

---

Guðrún Eik Skúladóttir

---

Guðjón Þórarinn Loftsson

---

Ragnar Smári Helgason

---

Úlfar Trausti Þórðarson

---

Árborg Ragnarsdóttir

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs